

Fundur haldinn í stjórn Öldungaráðs Suðurnesja mánudaginn 1. apríl 2019 kl 17:00
kl. 17.00 Fundarstaður Nesvellir.

Mætt: Jóngeir H Hlinason formaður, Eyjólfur Eysteinnsson varaformaður, Sigurður Jónsson, Magnús Sigfús Magnússon, Sigurbjörg Jónsdóttir og Sigurbjörg Eiríksdóttir.

Forföll boðuðu; Ásta Eiríksdóttir og Þórdís E, Kristinsdóttir

Formaður greindi frá netpósti er hann sendi nýjum forstjóra HSS og svari hans til ráðsins. Öldungaráð mun áfram kalla eftir stefnu HSS og ætlar aftur að óska eftir fundi með forstjóranum og senda honum ósk um að hann mæti á fund Öldungaráðsins helst á næsta fund sem verður 6. maí. n.k. kl 17:00

Á fundinn mætti Ásmundur Friðriksson alþingismaður. Við höfum nú fengið til okkar til viðræðna fjóra af alþingismönnum Suðurlandsdæmis . Þeir sem áður hafa komið eru Oddný Harðardóttir, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Birgir Þórarinnsson og nú Ásmundur Friðriksson.

Aðalumræðuefni þessa fundar var sem fyrr vandi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Einnig var mikið rætt um fyrirhuguð úrræði almennt og kom til tals að það þyrfti nauðsynlega að koma á fót læknamóttöku í Suðurnesjabæ. Þá var rætt um fyrirhugaða byggingu viðbótar við hjúkrunarheimilis Nesvalla í Reykjanesbæ. Einnig var rætt um samhæfingu á heimahjúkrun og aðhlynningu. Rætt um mikinn árangur og ánægju með verkefni Janusar Guðlaugssonar í Reykjanesbæ. En til hans sækir fólk víða að. t.d úr Suðurnesjabæ.

Rætt um stofnanasamninga og misræmi í launum hjúkrunarfræðinga á Landspítala og á landsbyggðinni. Ásmundur hafði heimsótt nýjan forstjóra HSS og taldi eftir samtal við hann að við hefðum fengið góðan forstjóra á HSS og væntum við mikils af honum.

Fleira var ekki skráð og fundi slitið kl. 18.10.

Sigurbjörg Eiríksdóttir ritaði fundargerð.